

Nd.

194. Frumvarp

til laga um heimild til innflutningsbanns og gjaldeyrisráðstafana.

Frá minni hluta samvinnunefndar viðskiftamála.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til með reglugerðum að banna innflutning til landsins á hverjum þeim vörutegundum, er hún telur ónaðsynlegar eða nægjar birgðir af í landinu. Sömuleiðis veitist ríkisstjórninni heimild til að hafa umsjón með erlendum gjaldeyri í eigu landsmanna og með gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir og, ef nauðsyn krefur, að ráðstafa slíkum gjaldeyri.

2. gr.

Þegar ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda skal skipuð þriggja manna nefnd til að hafa á hendi framkvæmd innflutningsbatta og ákveða útsöluverð innanlands á hinum bönnuðu vörutegundum, er til eru í landinu og hafðar til sölu, og skal meginregla sú, að útsöluverð sje eigi hærra en það var, er bannið gekk í gildi. Sama nefnd hefir með höndum umsjón gjaldeyris og ráðstafanir viðvikjandi honum. Nefnd þessi skal skipuð þannig, að Verslunarráð Íslands tilnefnir einn mann, Samband íslenskra samvinnuljelaga annan, en ráðuneytið hinn

þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Ráðuneytið getur skipað einn mann frá hvorum bankanna til viðbótar nefndinni, þegar um ráðstafanir erlends gjald-
eyris er að ræða.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka nauðsynleg lán í þarfir ríkisins.

4. gr.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um framkvæmd laga þessara og má þar
tiltaka sektir fyrir brot á þeim eða reglugerð, 1000—50000 krónur. Um meðferð
mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1, 8. mars
1920, og lög nr. 76, 27. júní 1921.

Á s t æ ð u r.

Undanfarið hefir gengi íslenskrar krónu sífelt farið lækkandi, og er vafa-
laust ein orsökkin of mikill og óþarfur innflutningur til landsins hin síðustu miss-
iri, sem og það, að í sambandi við þennan óþarfa innflutning hafa myndast
skuldir, meira en góði hófi gegna, við erlenda lánardrotna.

Innflutningshóft þau, er nú gilda, hafa litlu orkað um takmörkun inn-
flutnings, enda hvorki nógu viðtæk nje heldur framkvæmd með þeim einbeittleik,
að dregið hafi að nokkru ráði úr innflutningnum.

Jöfnuður viðskifta og gengis verður eigi fenginn nema ástandið breytist,
og er sú breyting að sjálfsögðu það ýmsum ósjálfráðum atvikum, svo sem góðu
árferði og arðvænlegum vertíðum, en er annars vegar komin undir haldkvæmum
viðskiftaráðstöfunum, og eru þær því nauðsynlegri, sem hin ósjálfráðu atvik reyn-
ast óhagfeldari.

Fyrir því teljum vjer óþjákvæmilegt að veita ríkisstjórninni þá heimild
til að gera viðskiftaráðstafanir, sem atvikin gefa tilefni til, og hafa þá heimild
svo rúma um takmörkun innflutnings og ráðstöfun útlends gjald-
eyris, að fult
gagn megi að verða, enda þótt viðskiftaerfiðleikarnir aukist frá því sem nú er.